

um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1924.

Frá fjárveitinganefnd.

Hálfa 6. viku hefir fjárveitinganefndin nú starfað að frumvarpi þessu og fjáráukalögunum fyrir 1922. Hefir hún á þeim tíma haldið 41 fund, og er það þremur fundum færri en 1921, en þá skilaði nefndin fjárlagafrumvarpinu til 2. umræðu 3 vikum síðar en hún nú gerir. Óvenjumikið af alls konar skjölum var fengið nefndinni í hendur, sem óþjákvæmilegt var fyrir hana að kynna sjer, hvernig svo sem hún að öðru leyti tók þeim. Unnu nefndarmenn að því bæði innan funda og utan. Nokkrar undirnefndir voru settar til þess að rannsaka sjerstaklega og undirbúa mikilsvarðandi atriði, og störfuðu þær eins og sjálfsagt var á öðrum tíma en hinir reglulegu nefndarfundir voru haldnir. Þá ber að sjálf-sögðu að geta þess, að nefndin hafði óvenjumiklar tafir vegna heimsókna ýmsra manna á fundartímunum. Fyrst og fremst átti landsstjórnin oft tal við nefndina öll í einu, eða einstakir ráðherrar, enn fremur ýmsir starfsmenn ríkisins, er nefndin þurfti að leita upplýsinga hjá, og loks einstakir þingmenn, nefndir manna og einstakir menn utan þings, er nefndin ekki gat komist hjá að veita áheyrn um mál, er þá snertir. Má telja svo, að um 20 fundir hafi nær eingöngu farið í samtöl þessi, og nefndin hafi á þeim átt tal við yfir 40 manns.

Fjárveitinganefndin hefir að vanda hátt mjög erfitt starf með höndum, þar sem hún hefir af fremsta megni viljað gæta þess að skila fjárlögunum með sem minstum eða helst engum tekjuhalla, en þó haft mjög mikla löngun til að leggja til, að veitt yrði fje til ýmsra verklegra framkvæmda, einkum þar eð framfarir á því sviði hafa verið alt of litlar á fyrirfarandi árum, og stundum jafnvel fullkomin kyrstaða.

Nú gerir frumvarp stjórnarinnar ráð fyrir nærfelt engum tekjuafgangi og jafnframt mjög litlum verklegum framkvæmdum. Nefndinni var því þegar í upphafi ljóst, að hún mundi algerlega verða að leggja árar í bát með tillögur um nokkrar frekari framkvæmdir, ef hún ekki gæti sannfærst um, að hækka mætti tekjuáætlun stjórnarinnar. Í upphafi gerði hún sjer góðar vonir um þetta, en þær vonir brugðust tilfinnanlega, þegar þingið samþykkti breytinguna á tekjuskattslögunum.

Nefndin hefir samt sem áður leyft sjer að gera nokkrar breytingartillögur við tekjubálkinn og eigi allfáar við gjöldin, og mun þjer á eftir reynt að gera nokkra grein fyrir þeim helstu.

I. Tekjur.

Flestar breytingartillögur nefndarinnar við tekjuáætlun stjórnarinnar eru byggðar á reynslu undanfarandi ára, og þykist nefndin sannfærð um, að tillögur hennar um einstaka liði sjeu nær sanni en stjórnarinnar, en ágreiningurinn um aðalútkomuna er reyndar næsta litill. Aðalþækkunartillagan er þó nýr liður, sú er ræðir um tekjur af vínverslun ríkisins. Nefndin taldi sjálfsagt að gera ráð fyrir, að tekjur af henni rynnur beint í ríkissjóð, og eru þær áætlaðar eftir þeim bestu heimildum, sem nefndin gat náð í, og þó varlega farið.

Tekjur af skipum getur nefndin ekki fallist á, að rjett sje að gera ráð fyrir ríkissjóði til handa. Fyrst og fremst má telja vafasamt, hvort af þeim rekstri verður nokkur hagnaður næsta ár, og þótt svo yrði, þá finst henni sjálfsagt að nota hann til þess að færa verð skipanna nær sannvirði en það er nú, heldur en að ríkissjóður noti þær sem eyðslufje.

Nefndin vill enn sem fyr leggja það til, að bifreiðaskatturinn sje tekinn á tekjuáætlunina. Hún getur ekki horfið frá þeirri skoðun, að slíkt fyrirkomulag sje rjettara, enda þótt nota eigi hann í sjerstöku augnamiði.

Í sambandi við þetta vill nefndin láta þess getið, að hún reit stjórninni brjef þess efnis, að hún teldi rjettast að tekjur af allskonar ríkisrekstri, hvort sem er verslun eða annað, væru teknar með í tekjuáætlun fjárlaganna, en hins vegar rekstrarkostnaðurinn áætlaður gjaldamegin, svo sem nú er gert með síma- og póstmál. Litur nefndin svo á, að þetta fyrirkomulag mundi veita Alþingi betri yfirsýn yfir rekstur fyrirtækjanna, svo sem starfsmannahald og annað. Stjórnin taldi þetta ekki gerlegt með önnur fyrirtæki en þá helst skipaútgerðina, og studdist í því efni við umsögn forstjóra Landsverslunarinnar. Þetta hefir þó ekki getað sannfært nefndina, og vill hún halda því fram, að framvegis beri að haga þessu svo sem áður er lýst.

II. Gjöld.

11. gr.

Nefndinni þykir rjettara að halda því fyrirkomulagi, sem verið hefir á undanfórnum árum, að blanda ekki skrifstofukostnaði bæjarfógetans í Reykjavík saman við skrifstofukostnað annara bæjarfógeta og sýslumanna. Þetta hefir að líkindum ekki fjárhagslega þýðingu, en er mun glegggra yfirlits fyrir Alþingi. — Þennan skrifstofukostnað bæjarfógeta í Rvík hefir nefndin áætlað sem næst tillögum bæjarfógetans til stjórnarinnar, en þó 500 kr. miður; en sú lækkun kemur niður á tvelmur síðustu liðunum. Við þessa aðgreiningu kemur það í ljós, að upphæð sú, er eftir verður til skrifstofukostnaðar annara bæjarfógeta og sýslumanna, verður miklum mun lægri en það, sem stjórnin gerir ráð fyrir að greiða þeim fyrir yfirstandandi ár. Telur nefndin þetta vel farið, því að hún er þeirrar skoðunar, að hann sje hjá ýmsum óþarflega há, ekki síst hjá þeim, sem naumast getur komið til mála að hafi nokkurn kostnað af starfsmannahaldi. Verður

Þetta því alvarleg bending til stjórnarinnar að reyna að fara varlega í þessu efni á næsta ári.

Upphæð sú, sem ætluð er til landhelgisgæslu, er áætlunarupphæð, en reynsla síðustu ára hefir sýnt það, að til hennar hefir verið varið mun meira fje en frumvarpið gerir ráð fyrir.

Nauðsyn þessara framkvæmda mun engu minni nú en áður, og því engin líkindi til, að kostnaðurinn verði mikið lægri. Ætlast nefndin til, að tillaga hennar verði nær sanni en stjórnarinnar.

12. gr.

Skrifstofukostnað landlæknis vill nefndin láta haldast eins og hann áður var. Er ekki líklegt, að komist verði af með minna fje, þar eð kunnugt er, að fastur maður starfar á skrifstofunni.

Selvogshreppur í Árnessýslu á erfitt um læknisvitjanir, og verða sveitar- mönnum ferðirnar dýrar. Er því sanngjarnt að styrkja hann, sem aðra hreppa, er líkt stendur á fyrir.

Borgunina til aukalæknisins á Ísafirði er rjett að hækka nokkuð, þar sem hún hefir verið lækkuð blutfallslega meira en laun annara starfsmanna rík- isins. En þóknun þessi miðast við sem næst 1500 kr. stofnlaun, og dýrtíðarupp- bót að auki.

Andrjes heit. Fjeldsted augnlæknir hafði hærri þóknun fyrir kenstu við háskólann en hinir sjerfræðingarnir. Mun það hafa verið persónuleg launaviðbót. Úr því að hann er fallinn frá, þykir ekki ástæða til að hafa þóknunina fyrir þessa sjerfræðigreinu hærri en hinar.

Kostnaðinn við Víflsstaðahælið hefir stjórnin áætlað nokkru lægri en læknirinn gerði ráð fyrir. Nefndin telur engar líkur til, að komist verði af með minna fólkshald, eða að það fáist ódýrara en læknirinn gerir ráð fyrir. — Sama er að segja um suma aðra liði, svo sem húsbúnaðar- og áhalda-liðina, að ekki mun unt að komast af með minna fje til þeirra. Enda vill nefndin ekki vera þess valdandi, að mjög sje sparað fje við þessa nauðsynlegu þjóðnytja stofnun. Hefir hún farið nokkurs konar miðlunarleið milli tillagna stjórnarinnar og læknisins.

Það er alkunna, að nú sem stendur horfir til stórra vandræða hjer á landi um sjúkavist fyrir berklaveika sjúklinga. Fjöldi manna bíður sífelt eftir vist á Víflsstaðahælinu, og eru þar þó oftast fleiri sjúklingar en það er ætlað fyrir. Fjárbagsástæður ríkisins munu þykja þannig, að ekki verði búist við mikl- um nýbyggingum til að bæta úr þessari þörf. Fyfir þessar sakir hefir landlæknir leitað fyrir sjer um það, að fá leigt handa ríkinu franska sjúkrahúsið á Fáskrúðs- firði fyrir berklasjúklinga. Árangurinn af þessu hefir orðið sá, að ríkinu býðst spítalinn til leigu, ásamt öllum útbúnaði, gegn 400 kr. leigu á mánuði. Sjúkra- hús þetta er ætlað fyrir 24 sjúklinga, og ætti því að vera stór bót fyrir berkla- sjúklinga af öllu Austurlandi. Er gert ráð fyrir, að þetta hús yrði nokkurs konar biðspítali fyrir þá sjúklinga, sem ekki geta strax komist á Víflsstaðahælið eða aðra spítala, jafnótt og þörfin krefur. — Það er engum vafa undirorpið, að á þennan hátt er hægt að hjálpa mörgum sjúklingum fyrir margfalt minna fje úr

rikissjóði en á annan hátt væri hugsanlegt. Nefndin vill því eindregið mæla með því, að sjúkrahús þetta verði tekið á leigu, og það þegar frá 1. júlí þ. á., eins og Frakkar bjóða. Gert er ráð fyrir, að það verði rekið á rikiskostnað, eins og Víflsstaðahælið, með sama daggjaldi fyrir sjúklinga. Áætlun sína um gjöld, er af þessu leiða, hefir nefndin miðað við tillögur landlæknis, en jafnframt haft til hlíðsjónar rekstrarhalla Víflsstaðahælisins.

Ísfirðingar hafa nú á síðari árum lagt mikið kapp á að koma upp hjá sjer sjúkrahúsi, og orkar það ekki tvímælis, að þörfin er þar mjög brýn, enda er óhætt að segja, að undanfarandi þing hafa gert ráð fyrir, að það sjúkrahús kæmi næst, þegar fært yrði að leggja nokkurt fje til slíkra bygginga. Húsagerðarmeistari rikisins áætlaði 1922, að þetta hús mundi kosta 220 þúsundir króna. En eftir því sem venjan er orðin, mundi rikissjóði bera að leggja fram þriðjung þess kostnaðar. Að vísu sjer nefndin ekki fært að leggja til, að öll sú upphæð yrði veitt á einu ári, en vill hins vegar ekki leggja stein í götu fyrirtækisins. Vill hún því mæla með, að nokkuð af fyrirhuguðum byggingarstyrk komi til útgjalda á næsta ári. Væntir hún þess, að upphæð sú, er hún mælir með, muni nægja til þess, að Ísfirðingar muni sjá sjer fært að byrja verkið, enda mun hvort sem er ekki gerandi ráð fyrir því, að verkinu verði lokið á einu ári.

Kostnaðurinn við heilbrigðiseftirlitið með alþýðuskólum hefir verið alt of lágt áætlaður, eftir því sem hann hefir reynst.

Nefndin vill hækka styrkinn til berkla-hjúkrunarfjélagsins »Liknar«, þar sem það er kunnugt, að starf þessa fjélags er mikilsverð aðstoð í baráttunni gegn berklaveikinni. Enda sýnir skýrsla fjélagsins, að það hefir miklu afkastað, eftir því sem um er að gera, þar sem ekki hefir verið meira fje úr að spila.

Læknaþjélag Íslands hefir gengist fyrir því að fá hjeraðslækna til að rannsaka, hversu margir menn mundu hafa geitur hjer á landi. Hefir sú rannsókn leitt í ljós, að þeir muni vera hátt upp undir hundrað. Sjúkdóm þennan er vel hægt að lækna, svo örugt sje, með Röntgentækjum. Ætti því að vera hægt að uppræta hann algerlega úr landinu á fáum árum. Sjúklingar þessir munu flestallir vera svo fátækir, að þeir eru ekki þess megnugir að leita sjer sjálfir lækninganna, en kynoka sjer hins vegar við að leita sveitarstyrks í því skyni, enda óvist hvort fengist. Eina ráðið til að útrýma þessum leiða kvilla mun því vera það, að rikissjóður blaupi undir bagga. Vill nefndin því mæla með, að fje verði veitt í þessu skyni, og helst byrjað á þessu ári; enda verður þetta að teljast til sannra þjóðþrifa.

Fjélag íslenskra hjúkrunarkvenna telur nauðsynlegt, að hjúkrunarnemar fái, auk spítalamentunar, tveggja til þriggja mánaða framhaldsmentun, til að læra hjúkrun sjúklinga í heimahúsum, hjálparstöðvarstörf fyrir berklaveika og matreiðslu fyrir sjúklinga. Á spítölunum fá hjúkrunarnemarnir alt frítt, og auk þess nokkra þóknun, en við þetta nám mundu þeir að öllu leyti verða að kosta sig sjálfir. Fjélagið sækir því um styrk til þess að geta veitt þeim ókeypis fæði og húsnæði, og þar sem nefndin litur svo á, að framhaldsmentun þessi sje mjög þörf, þá vill hún verða við ósk fjélagsins.

Enn þá er hjer mikil þörf fyrir fullæfðar hjúkrunarkonur, og vill því nefndin styrkja tvær slíkar konur, aðra til að fullnuma sig, en hina til fram-

haldsnáms. Jafnframt vill nefndin skora á stjórnina að hlutast til um, að styrkþegar hverfi heim að loknu námi, ella sje styrkurinn afturkræfur.

Þorgrímur læknir í Keflavík hefir nú um 40 ár gegnt hjeraðslæknisstörfum. Er hann því, eins og vænta má, farinn að lýjast og getur ekki fullnægt læknisþörf hjeradsins um vertíðina, er þangað flykkist múgur og margmenni úr ýmsum hjeruðum landsins. Verður hann því að taka sjer aðstoðarmann þann tíma ársins. Hefir hann farið fram á það við nefndina, að hún mæli með nokkrum styrk til að launa þennan aðstoðarmann, og vill nefndin gera honum nokkra úrlausn.

Til þess að berklavarnir geti komið að liði er eitt helsta skilyrðið, að almenningur sje fús til að greiða götu þeirra og hafi fullan skilning á þeim. Í þessu skyni er mjög nauðsynlegt að fræða fólk um ýmislegt, er að þessu lýtur, og öðrum almennum heilbrigðisráðstöfunum. Nokkrir læknar hafa áhuga á að gera þess háttar tilraun með því að gefa út tímarit, er flytji fræðandi og hvetjandi greinar um þessi efni. Þetta tímarit yrði að selja mjög ódýrt og langt undir útgáfukostnaði. Er ekki unt að koma þessu á fót nema með fjárframlögum einhversstaðar að. Nefndin telur þetta svo þarflegt, að hún vill mæla með styrk í þessu skyni, en setur þó það skilyrði, að jafnmikið sje komi annarsstaðar að, og hefir hún þá í huga heilsubælisfjelagið gamla, er eiga mun talsvert sje í sjóði og ætti að vera fúst að leggja fram sje á móti styrknum.

Hallur Hallsson, fátækur en efnilegur tannlæknisnemi í Kaupmannahöfn, er að því kominn að ljúka námi við tannlæknaskólann þar. Að því loknu hygst hann að setja sig niður hjer á landi, helst á Austurlandi. En sakir efnaskorts treystir hann sjer ekki til að gera þetta af eigin rammleik, einkum vegna þess hve dýr fullkomin áhöld eru, sem að tannlækningum láta. Nefndin álitur, að Austfirðingar mundu hafa gott af því að fá þennan mann, og vill því rjetta hjálparhönd, þó í litlu sje.

Benedikt Björnsson skólastjóri á Húsavík er blindur á öðru auga, en þjáist af sjúkdómi í hinu, sem útlit er fyrir, að smám saman eyðileggi sjónina, ef ekki er bót á ráðin. Hann sækir um 5000 kr. utanfararstyrk til að leita sjer lækninga. Styðja þá umsókn fjölda margir Húsvíkingar. Lýsa þeir svo hógum hans, að hann mundi að engu leyti fá staðið straum af kostnaði, er af slíkri utanför leiddi, og leggja jafnframt áherslu á, að hjer sje um svo valinn og merkan mann að ræða, að þjóðfjelaginu beri skylda til að reyna að koma í veg fyrir, að hann verði óstarfhæfur. Nefndin har þetta mál undir Helga Skúlason augnlækni, sem hafði haft Benedikt undir hendi, og telur hann nokkrar líkur til, að varna megi þess að hann verði blindur, ef hann gæti notið umsjár góðs, sjerfræðings á sjúkrahúsi erlendis. En hjer á landi mun hinsvegar ekki unt að viðhafa þær aðferðir, er að haldi komi. Að svo vöxnu máli gat nefndin ekki látið þennan mann synjandi frá sjer fara, og leggur til, að honum verði veittur hálfur umbeðinn styrkur. Væntir hún þess, að góðir menn verði honum innan handar með það, er á vantar.

13. gr. A.

Aðalpóstmeistari hefir í tillögum sínum til stjórnarinnar lagt til, að veitt yrði sama upphæð til póstafréiðslumanna utan Reykjavíkur og í núgildandi fjárlögum, og tekur hann það fram um leið, að ómögulegt sje að komast af með lægri upphæðir. Samt sem áður hefir stjórnin fært þennan lið niður um 10000 kr. Nú eru menn þeir, er hjer um ræðir, allir ráðnir með samningi upp á ákveðna þóknun, sem yfirleitt ætíð hefir verið talin lág, en stóður flestra þeirra hinsvegar oft vandasamar og ábyrgðarmiklar. Verður því að telja mjög misráðið að segja öllum póstafréiðslumönnum upp til þess að þoka þóknuninni niður með undirboðum, en á annan hátt virðist það ekki hægt. Nefndin getur ekki annað en verið sammála póstmeistara í þessu efni og leggur til, að eftir hans tillögum sje farið.

13. gr. B.

Eins og öllum er kunnugt, hefir á undanförunum árum sorglega lítið verið framkvæmt af nýjum vegagerðum. Fjárveitingarnar hafa orðið að vera af svo skornum skamti, að lítið hefir miðað áfram og mjög raskast allar fyrirætlanir um framtíðina í því efni. Það mun vera álit flestra manna, að við svo búið megi ekki lengur standa, heldur verði að reyna að veita nokkru örara fje til þessara framkvæmda. Sjerstaklega verður nefndin að vera vegamálastjóra sammála um, að æskilegt sje að nokkuð jöfnum upphæðum sje varið til nýrra vegagerða á ári hverju. Hiitt hlýtur fremur að vekja glundroða og reiptog, ef ekki er farið eftir nokkuð föstum fyrirætlunum. Stjórnin hefir, sennilega af sparnaðarástæðum, fært niður tillögur vegamálastjóra um flutningabrautir og þjóðvegi um 37 þús. kr. Nefndin vill kippa þessu í lag aftur og fara algerlega eftir tillögum vegamálastjóra; enda átti hún langt tal við hann um þessi mál.

Engin ný flutningabraut er tekin upp, heldur eru allar breytingartillögur við þær hækkunar á liðum þeim, sem fyrir eru. Aftur á móti hefir nefndin viljað bæta inn í einum nýjum þjóðvegarkasla, en það er Vaðlaheiðarvegurinn. Um hann segir vegamálastjóri þetta:

»Vaðlaheiðarvegurinn var lagður 1883—88, en var mjög ófullkominn, að visu upphleyptur vegur vestan í heiðinni, en lítið malborinn og illa búið um vatnsrásir í gegn um veginn. En renslí er mjög mikið að veginum, og hefir hann því aldrei góður verið. Ógerlegt er að koma við nægu viðhaldi, enda ekki ráðlegt að verja til viðgerðar nema sem minstu, þar sem fyrirsjáanlegt var, að nýjan og betri veg varð að leggja bráðlega. Nú er svo komið, að vegurinn er á köflum gerspiltur, og tel jeg þessvegna mikla þörf að veita nokkurt fje til að byrja lagningu nýs vegar. Með því að hjer er um mikla akvegargerð að ræða, tel jeg ekki heppilegt að veita minni upphæð en 20000 kr. Þar sem brúin á Eyjafjarðará, ásamt akvegi yfir hólmana, væntanlega verður fullgerð á næstu 2 árum, verður og brýnni þörf betri vegar yfir Vaðlaheiði en nú er«.

Háinarvegur í Hornafirði er um 4^{1/2} km. á lengd. Hann er nú orðinn yfir 20 ára gamall og er mikil nauðsyn á að laga hann og malbera allan ræki- lega. Vegamálastjóri gerir ráð fyrir, að viðgerð þessi muni kosta alt að 10000 kr.

Vegur þessi mnn upphaflega hafa verið kostaður að hálfu leyti úr ríkissjóði, og vill því nefndin að blaupið sje undir bagga um endurbyggingu þessa vegar í sama hlutfalli; enda ætti það ekki að verða eftir talið, þar eð ríkissjóður mun lítið af mörkum hafa látið til samgöngubóta á landi í þessu hjeraði.

13. gr. C.

Samgöngumálanefndin hefir enn ekki afgreitt tillögur sínar um samgöngur á sjó til fjárveitinganefndar, og verða þær því að bíða 3. umræðu.

13. gr. D.

Þegar nefndin tók að ræða um nýjar framkvæmdir í símamálum, bæði lagningu nýrra síma og byggingu loftskeytastöðva, þá var svo málum komið, að gengið var til þurðar sje það, er nefndin þóttist geta ráðið yfir, án þess að verulegur tekjuballi yrði á fjárlögunum. Hún var því hjer í hinum mestu vandræðum. Togaðist á tvent, ásetningurinn um að skila fjárlögunum með sem minstum tekjuballa og mjög eindreginn vilji á að láta ekki verða fullkomna kyrstöðu í þessum framkvæmdum. Það er líka ofur eðlilegt, þótt Alþingi eigi erfitt með að una því, að ekki verði lagðar nýjar símalínur á næsta ári, þar sem ríkissjóður hefir ár eftir ár notað tekjuafgang símanna að meira eða minna leyti til alls annars en símalögin fyrirskipa. Og þetta kemur hvergi öllu glegggra í ljós en einmitt í þessu fjárlagafrumvarpi, sem gerir ráð fyrir að nota um 300 þús. kr. tekjuafgang símanna til annara gjalda.

Nefndinni fanst hún á engan hátt geta betur komist út úr áður greindum vanda en að fara þá leið, er hvorki kemur í bága við ásetning hennar nje vilja, sem sje að leggja að visu til um talsvert af nýjum framkvæmdum, en binda þær því skilyrði, að útlit sje fyrir, að tekjurnar reynist nægar til þeirra. Tillögur sínar um nývirki þessi hefir hún gert í samráði við landssímastjóra, og standa þau í þeirri röð, sem ætlast er til að þau verði framkvæmd í. Aðeins skal það tekið fram um loftskeytastöðvarnar í Grímsey, Flatey og Húsavík, að landssímastjóri hafði gert ráð fyrir, að Grímseyjarstöðin hefði samband við samskonar stöð, sem sett yrði á Siglufirði. En þar eð nefndin telur óhjákvæmilegt, að loftskeytastöð verði einnig sett í Flatey á Skjálfanda, þá gerir hún ráð fyrir, að sú stöð að minsta kosti gæti orðið mun ódýrari, ef hún þyrfti ekki að ná lengra en til Húsavíkur.

Næsta breytingartillaga er í raun og veru fjárukalagaatriði, en í bráðina að minsta kosti hefir nefndin sett hana á þennan stað. Línuspotti sá, er þar um ræðir, gengur út frá Reykjarfjarðarlínunni, sem lögð verður á næsta sumri. Liggur hann niður Bjarnarfjörð að Kalðrananesi, sem er löggilt verslunarhöfn og stórbýli. Með þessum spotta kemst heilt sveitarfjelag í samband við landssímakerfið. En það, sem einkum mælir með að taka þessa fjárveitingu upp nú, er það, að langhaganlegast og ódýrast er að leggja spotta þennan samtímis Reykjarfjarðarálmunni. Það skal tekið fram, að gert er ráð fyrir, að sveitarfjelag það, er hlut á að máli, kosti að öllu leyti flutning efnisins á línusvæðið frá Hólmavík, og er það ærið tillag frá einu sveitarfjelagi.

Það skal játtað, að nefndin hefir aldrei látið sjer detta í hug að athuga, hvort launaupphæðir í fjárlögunum, sem greiða á samkvæmt launalögum, væru

rjett útreiknaðar, enda hefir hún sjaldnast haft í höndum full skilríki, er þar að lúta, og eðlilegast að gera ráð fyrir því, að stjórnarráðinu sje að fullu trúandi fyrir þessu, þar sem það á að hafa öll gögn í höndum og nægilega reikningsfærum mönnum á að skipa. Þegar nefndin leit á launaupphæðina í þessum kafla, þá þótti henni það undarlegt, að hún skyldi vera áætluð sú sama og í nógildandi fjárlögum, og enn undarlegra þótti henni þegar hún athugaði athugasemdir stjórnarinnar við þennan lið, er bera með sjer, að launaupphæð nógildandi fjartaga hafði ef til vill verið rangt reiknuð og áætlunarupphæð þessa frumvarps ágískun. Svo vel vildi til, að nefndin hafði í höndum skrá yfir starfsmenn símans ásamt launum þeirra eins og þau eiga að verða næsta ár. Reyndi hún því að reikna út eftir þeirri skrá og komst að þeirri niðurstöðu, að upphæðin ætti að vera sem næst því, er breytingartillagan ber með sjer.

Nefndin vill leggja til, að veitt verði nokkurt fje til aukningar bæjar-símakerfisins í Reykjavík, þar sem þetta símakerfi er beint gróðafyrirtæki fyrir ríkissjóð, enda tekjurnar áætlaðar 25 þús. kr. hærri einmitt vegna þessarar væntanlegu aukningar.

Aðrar breytingartillögur við gjöldin til símamála eru breytingar á áætlunarupphæðum og gerðar í samráði við landssímastjóra.

14. gr.

Hjeraðslæknirinn í Reykjavík hefir sent stjórninni erindi, þar sem hann óskar þess, að tekin verði aftur upp í fjárlögin þóknun sú, er hann hefir fyrir kenslu við háskólann. Telur hann það gleymsku eina, að þessi þóknun hefir fallið út af fjárlögunum, enda hefir stjórnarráðið viðurkennt þann skilning með því að greiða honum þetta eftir sem áður. Samkvæmt eindregnum meðmælum forsætisráðherra telur nefndin óhjákvæmilegt að taka þennan lið aftur í fjárlögin.

Stúdentaráð háskólans hefir gengist fyrir því að komast í samband við aðrar þjóðir um stúdentaskifti. Er því þannig fyrir komið, að erlendum stúdentum eru útvegaðir dvalarstaðir hjer á landi um lengri eða skemri tíma, þeim að kostnaðarlausu, og njóta þá íslenskir stúdentar sömu kjara erlendis. Stúdentarnir kosta þó sjálfir ferðir sínar milli landa. Stúdentaskifti þessi hafa átt sjer stað við Þýskaland og Noreg, og á næsta sumri er einnig gert ráð fyrir, að þau hefjist við England og Danmörku, og ef til vill einnig við Frakkland og Ameríku. Íslenskir stúdentar eiga sökum fátæktar mjög erfitt með að taka þátt í þessum skiftum. Telur því nefndin rjett, að Alþingi veiti þeim nokkra fjárupphæð til ferðakostnaðar, svo að þeir þurfi ekki að fara á mis við þetta ágæta menningar-meðal. Þess má geta, að talið er víst, að norska þingið veiti sínum stúdentum samskonar styrk.

Á undanförunum árum hefir verið ókeypis lækning í sambandi við kenslu læknaefna. Þó hefir þetta fallið niður síðustu árin, bæði vegna húsnæðisvandráða og vegna þess, að á velmaktardögum sínum vildi fólkið ekki nota hana. Nú er gert ráð fyrir, að hægt verði að koma þessu á fót aftur, og þarf þá að veita nokkurt fje til umbúða og annara smáparfa.

Hið nýja íbúðarhús á Hvanneyri og önnur staðarhús þarf nauðsynlega að mála að utan á næsta ári. Vill nefndin því hækka fjárveitinguna til skólans í

Þessu skyni, því að dýrara gæti það orðið rikissjóði að vanrækja viðhald eigna sinna. Sama er að segja um ýms hús á Hólum. Þar þarf að veita nokkuð meira fje til viðhalds, svo að þau falli ekki í niðurniðslu.

Nefndin getur enga ástæðu fundið til þess, að sanngjarnt sje að lækka þóknunina til forstöðumanns yfirsetukvennaskólans, en vill hafa hana áfram eins og hún er á yfirstandandi ári.

Þá vill nefndin veita litla fjárhæð til framhaldskenslu handa barnakennurum, líkt og gert hefir verið á undanförunum árum, þótt ekkert sje til þess ætlað í núgildandi fjárlögum. Mentamálanefnd deildarinnar hefir einnig hvatt til þessa.

Styrkinn til unglingskóla og alþýðuskóla utan Reykjavíkur vill nefndin hækka. Fyrst og fremst er hún hlynt þessu fræðslufyrirkomulagi, og svo hafa skólar þeir, sem styrktir hafa verið, getið sjer góðan orðstír. Búast iná og við, að þeim fjölgi smátt og smátt.

Um mörg undanfarin ár hefir borið á miklum áhuga hjá Þingeyingum um að setja á stofn hjá sjer alþýðuskóla í sveit. Hafa einkum ungmennafjelögin tekið að sjer forgöngu þessa máls. Fjáröfnunar hefir verið leitað í þessu skyni, og þannig aflast alt að 22 þús. kr. í samskotum og lofordum. Nú er svo komið, að þeir gera sjer vonir um, að geta byrjað á að reisa skólahús, svo framarlega sem þeir fá styrk til þess úr rikissjóði. Nefndin álitur þetta mikið menningar- og velferðarmál fyrir hjeraðið, og sjer því ekki annað fært en að verða við tilmælum þeirra. En þar sem gera má ráð fyrir, að fleiri slíkir skólar kunni upp að risa í öðrum landshlutum, þá vill nefndin, að Alþingi marki nú stefnu þá, er það vill upp taka um byggingarstyrk til þeirra. Þess má geta, að síðustu ár hefir líkur skóli starfað að Breiðumýri, en getur það ekki lengur, vegna þess að húsnaðið má heita ónothæft. Væntanlegur skólastjóri mun eiga að verða Arnór Sigurjónsson, sem Alþingi er að góðu kunnur og hefir áður notið ríkisstyrks til undirbúnings undir þess háttar starf.

Lýðskólinn í Bergstaðastræti hefir getið sjer mjög góðan orðstír, og vill nefndin hækka lítilsháttar styrk hans.

Áhugi manna fyrir sundi og sundkenslu hefir talsvert aukist á síðustu árum viðsvegar um landið. Nýjar sundlaugar hafa verið bygðar og kensla upp tekin þar, sem hún ekki hefir áður verið. Verður því að hækka styrkinn til sundkenslunnar, svo að hann geti orðið meira en nafnið eitt.

Valdemar Sveinbjörnsson leikfímiskennari hefir boðist til að veita utanbæjarpiltum ókeypis kenslu í leikfími, líkt og Ingibjörg Guðbrandsdóttir hefir veitt stúlkum, gegn því að fá svipaðan styrk. Nefndin telur þetta hvorttveggja hliðstætt, og vill því veita honum þessa litlu fjárupphæð.

15. gr.

Nefndin vill ekki láta algerlega niður falla samningu spjaldskrár við Landsbókasafnið, og vill því veita litla fjárupphæð í þessu skyni.

Konur þær, sem aðstoða við þjóðmenjasafnið, hafa undanfarið haft mjög óverulega þóknun. Bera þær sig mjög upp undan kjörum sínum við nefndina, og styður þjóðmenjavörður eindregið mál þeirra. Nefndin verður að viðurkenna, að

þær hafi talsvert til síns máls, og hefir því hækkað þann lið að nokkru. Konur þessar munu vera að minsta kosti 4, og er þá auðskilið, að lítið kemur í hlut.

Nefndin telur enn sem fyr þá aðferð rjettasta til styrktar fullnuma listamönnum að kaupa verk þeirra, því að þeim peningum á ekki að vera á glækastað, ef rjettilega er með farið. Þær eignir ríkisins geta síðar orðið mjög dýrmætar. Af þessum ástæðum vill hún hækka þann lið.

Alþingissögufnefndin hefir farið fram á það við stjórnina, að hún legði til við Alþingi, að fje yrði veitt til framhalds aðgerðanna á Þingvöllum, því að ekki mun af veita að halda nú áfram uppteknu verki, ef fyrirætlanirnar um vellina eiga að komast í framkvæmd fyrir 1930. Fjár.v.n. verður að vera sögufnefndinni sammála um þetta og telur, að minni upphæð en 3000 kr. komi ekki að nægilegu gagni að svo vöxnu máli, enda gerir hún ráð fyrir, að líkum fjárveitingum verði áfram haldið á ári hverju, eftir því sem þurfa þykir, uns verkinu er lokið.

Hin forna dómkirkja á Hólum er einn af merkilegustu menjagripum þjóðarinnar. Hún er nú mjög farin að ytra útliti, öll skjöldótt og skálduð og óhætt að segja, að hún liggir undir skemdu. Alþingi getur ekki látið það viðgangast, að svo mikill dýrgripur drafni niður fyrir hirduleysi, og vill nefndin því eindregið mæla með, að fje verði veitt til aðgerða. Hyggur hún, að fyrir 4000 kr. megi miklar umbætur gera, þótt óvist sje, hvort fullnaðarviðgerð fæst fyrir það verð.

Nefndin er sama hugar og á síðasta þingi og vill leggja til, að styrkurinn til Dansk-Íslandsk Samfund falli niður, en í stað þess vill hún veita Norræna fjelaginu nokkurn styrk. Tilgangur þess fjelags er — »að vera í verki með skyldum fjelögum á Norðurlöndum í því að efla og viðhalda samúð og samvinnu meðal allra norrænna þjóða inn á við og út á við. — Fjelagið skal jafnframt kosta kapps um að auka þekkingu Íslendinga á lifnaðarháttum, þjóðfjelagsskipun, andlegri og verklegri menningu annara norrænna þjóða, og sömuleiðis stuðla að því, að þekking þeirra á vorum högum fari vaxandi«.

Fjárveitinguna til Jóh. L. L. Jóhannssonar vill nefndin lækka og miða við lækkun launa annara starfsmanna ríkisins.

Styrkina til dr. Helga Jónssonar og Guðm. G. Bárðarsonar vill nefndin hækka lítilfjörlega, og er það meira í viðurkenningarskyni fyrir nytsöm störf heldur en að þá muni um svo litla hækkun.

Veðurathugunarstofunni er ætluð sama upphæð í frumvarpinu og í núgildandi fjárlögum, en flestar aðrar stofnanir ríkisins er gert ráð fyrir, að verði ódýrari á næsta ári en því yfirstandandi. Telur nefndin, að engu síður megi vænta þess sama um þessa stofnun en aðrar, og vill því leiðrjetta þetta ósamræmi. Sigurður Þórólfsson fyrv. skólastjóri hefir óskað þess að fá sjerstaka þóknun til að geta rannsakað forn íslensk veðurmerki og annað því um líkt, ef ske kynni, að hægt væri að finna einhverjar reglur um tíðarfar og árferði hjer á landi. Hefir hann meðmæli forstöðumanns veðurathugunarstofunnar. Nefndin telur þetta heyra undir veðurathugunarstofuna, en álitur Sigurð hinsvegar mjög vel til starfsins fallinn, og vill því benda á, að eðlilegasta lausn málsins væri sú, að hann yrði starfsmaður á veðurathugunarstofunni, án þess þó að fjölga starfsmönnum fyrir þessar sakir.

Þál Ísólfsson vill nefndin styrkja til framhaldsmentunar, og mun nefndin

ekki þurfa að viðhafa nein sjerstök meðmæli með þeim listamanni, því að öðrum alþingismönnum munu engu síður kunnir hans miklu verðleikar en oss nefndarmönnum.

Valtýr Stefánsson býður ríkinu kaup á grasasafni fôður sins, Stefáns sál. skólameistara. Metur hann það á 8000 kr., og er það hið sama og brunatrygging sú, er Stefán sjálfur hafði keypt á safnið. Dr. Helgi Jónsson hefir látið uppi álit sitt um safn þetta og telur það, sem vænta mátti, mjög dýrmælt, og sennilega mun meira virði en farið er fram á. Nefndin er því á einu máli um það, að sjálfsagt sje að taka þessu kostabóði.

16. gr.

Fjárveitinganefndin hefir orðið ásátt um að geyma fyrst um sinn að gera breytingartillögur við fjárveitingar til landbúnaðarmála, uns eitthvað verður sjeð um undirtektir þingsins undir frumvarp það til jarðræktarlaga, er nú liggur fyrir.

Guðbjörg Þorleifsdóttir í Múlakoti í Fljótshlíð hefir sótt um styrk til framhalds skógræðslu og útbreiðslu skógræktar í sýslunni. Kona þessi er viðfræg fyrir áhuga sinn og framtakssemi í blóma- og trjárækt, og vill því nefndin veita henni ofurlitla viðurkenningu fyrir þetta.

Páll G. Jónsson í Garði í Fnjóskadal endurnýjar beiðni sína frá í fyrra um 4000 kr. fjárveitingu í viðurkenningarskyni fyrir dýralækningar. Fylgja umsókn hans ýms vottorð frá merkum mönnum, er sanna, að hann hefir reynst talsvert listfengur, heppinn og mjög hjálpsamur í þessu efni. Einnig sýna þau það, að hann hefir stundað þessar lækningar miklu fremur af áhuga og hjálpfýsi en í hagnaðarskyni. Þar sem maðurinn er fátækur og hefir fengist við þetta í mörg undanfarin ár, vill nefndin veita honum nokkra viðurkenningu í eitt skifti fyrir öll.

Sjávarútvegsnefnd mæltist til þess við fjárveitinganefndina, að hún bækk- aði fjárveitinguna til Fiskifjelagsins, og vill fjárveitinganefndin taka þetta til greina, og mun nánari grein gerð fyrir því undir umræðunum.

Fjárveitinganefndin vill mæla með því, að veitt sje framvegis sje til að leitast fyrir um markað erlendis fyrir fiskiafurðir, því að hún telur ekki rjett að láta þær tilraunir falla niður fyrst um sinn, því að engan veginn er vonlaust um, að þær geti gefið mikinn og góðan árangur í framtíðinni. Sjávarútvegsnefndin mælir líka eindregið með, að svo sje fram haldið.

Stjórn Sambands Íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga óskar þess, að því sje eigi veittur minni styrkur á komanda ári en í núgildandi fjárlögum, og helst 2000 kr. betur. Jafnframt óskar Halldóra Bjarnadóttir eftir sjerstökum styrk til að vinna fyrir auknum heimilisiðnaði. Nefndin vill verða við hvorumtveggja þessara til- mæla og sameina það undir einum lið á þann hátt, sem breytingartillagan ber með sjer. Vill nefndin, að fjárveitingarvaldið sýni það glögglega, að það fullkom- lega viðurkenni þá viðleitni og framfarir, sem orðið hafa á þessu sviði nú á síð-ustu árum, og vilji á engan hátt verða þess valdandi með of naumum fjárveiting- um, að í þær komi afturkippur. En hitt getur nefndin ekki fallist á, að rjett sje að styrkja danskt fjelag til að menta íslenskar konur í þessum greinum. Mundi

þá heldur nær sanni að styrkja nemendur til utanfarar í þessu skyni, hvert á land sem þeim þætti best henta.

Vörumerkjaskrásetjari bar sig upp undan því við nefndina, að starf hans væri orðið svo umfangsmikið, að húsrúm hans leyfði ekki lengur að hafa þá skrifstofu í heimahúsum. Þyrfti hann því að leigja fyrir hana úti í bæ, en til þess mundi fara meiri hluti þóknunar sinnar, ef ekki væri við bætt. Nefndin fellst á röksemdir hans og vill gera honum kleift að leigja húsnæði fyrir skrifstofuna, og gerir ráð fyrir, að 50 kr. muni nægja fyrir því á mánuði.

Þá er komið að þeim framkvæmdum í þessari grein, sem einna nauðsynlegastar þykja bæði fyrir sjávarútveg og landbúnað, en það eru bryggjugarðir og lendingarbætur. Þess konar verkum má líkja við vegina á landi, og standa þó öllu framar, þar sem þau gera oft hvorttveggja í senn að minka kostnað við vöruflutninga og stuðla til þess að bjarga lífi manna. Það liggur því í augum uppi, að nefndinni var mjög hugleikið að reyna að láta nokkurt fje af mörkum til þessara framfara. Þessum verkum er líka oft þannig háttað, að ekki er unt að skera við neglur sjer fjárframlag til þeirra, eins og t. d. til vegagerða. Vegina má hætta við í svip, nærri því hvar sem vera skal, og getur þó það, sem þegar er unnið, komið að miklum notum, en bryggjur og lendingarbætur verður oftast að fullgera, til þess að þær komi að nokkrum notum. Fyrir þessar sakir vill nefndin veita fje til þess að fullgera nokkur þess konar mannvirki, svo að ekki standi ávaxtalaust það fje, sem þegar er í þau komið. Hins vegar hefir hún ekki sjed fært að taka upp nýjar fjárveitingar vegna fjárhagsástæðna, þótt þess háttar erindi hafi legið fyrir henni og hún fullkomlega viðurkenni nytsemi þeirra.

Mörg ár eru síðan fyrst var veitt fje til bryggjugarðar á Reyðarfirði, og hefir það verið endurveitt á hverju þingi, nema því síðasta. Fjed hefir þó enn ekki verið notað, en nú er þó svo langt komið, að efnið er komið á staðinn og ráðgert að gera bryggjuna næsta sumar. Verður því að endurveita fjed; en sú endurveiting er í raun og veru fjárukalagaatriði, en verður að takast hjer að minsta kosti til bráðabirgða.

Til þess að fullgera bryggjuna á Blönduósi, vestan Blöndu, sem áður hefir verið veitt fje til, vantar enn samkvæmt áætlun vegamálastjóra rúmar 10 þús. kr. Vill nefndin því veita til þess verks alt að 3000 kr. með sömu skilyrðum og áður.

Til bryggjugarðar á Skagaströnd hefir að visu áður ekkert fje verið veitt úr ríkissjóði, en þó hefir þegar verið byrjað á henni og varið til hennar um 7000 kr. En gert er ráð fyrir, að bryggjan fullgerð kosti um 12000 kr.

Mjög líkt er ástatt um bátabryggju á Stokkseyri. Á henni hefir þegar verið byrjað, en enginn styrkur komið úr ríkissjóði.

Til bryggjugarðar við Ólafsfjarðarhorn eru veittar í núgildandi fjárlögum 5000 kr., og hefir þegar verið unnið mikið að verkinu. En allur kostnaður við bryggjugarðina mun verða um 24000 kr. Nefndin vill því mæla með viðbótarstyrk til bryggjunnar samkvæmt tilmælum sjávarútvegsnefndar, og fjárveitinga-nefnd er því fúsari til að mæla með þessu, sem það mun þegar hafa sýnt sig, að bryggja þessi muni koma að góðum notum og fá staðist hafrótið. Betur að svo væri hægt að segja um öll önnur lík mannvirki.

Flestir munu hafa heyrt þess getið, hversu erfitt er um lendingu í Vik í Mýrdal, ef nokkuð er að vedri, og hversu mjög það spillir fyrir samgöngum þar á sjó og eykur aðflutningsörðugleika. Tekur þetta ekki að eins til Vestur-Skaftafellssýslu, heldur og austurhluta Rangárvallasýslu. Það væri því mikið nauðsynjamál, ef hægt væri að bæta lendinguna þar. Rannsakandi vitamálastjóri þetta mál árið 1914. Sjerstaklega athugaði hann og gerði áætlanir um endurbætur á svo kölluðum Bás, sem er nokkuð frá hinni eiginlegu lendingu. Kunnugir menn segja, að í þessum Bás sje oft fært að skipa vörum út og inn, þótt ófært sje á öðrum stöðum þar í kring. Nú hagar þannig til, að milli þessa lendingarstaðar og kaupsinsins er urð, sem venjulega er ekki fær nema gangandi manni. Þessi lending, sem er talin þrautalending fyrir alla sýsluna, getur því ekki komið að notum nema lagður sje akfær vegur yfir urðina. Auk þess þarf að hafa lyftu til að lyfta vörunum af sandinum upp á veginn. Þessar aðgerðir, sem telja verður hvorttveggja í senn lendingarbot og vegagerð, er gert ráð fyrir að kosti alt að 14000 kr. Þar af er vegurinn um 8000 kr., en aðrar aðgerðir um 6000 kr. — Nefndin vill því veita helming til vegarins, eins og til akfærra sýsluvega, og þriðjung til hins verksins.

Á síðasta þingi voru veittar 5000 kr. til brimbrjóts á Sandi, gegn helmingi hærri upphæð annarsstaðar að. Var unnið að honum síðastliðið sumar og til hans varið rúmum 23000 kr. En í janúar í vetur vildi það óhapp til, að hann skemdist nokkuð í aftaka brimi, einu því mesta, sem þar hefir komið um síðustu áratugi. Var það hlaðinn grjótagarður, en alt, sem steyppt var, stóð óhaggad. Bæði vegna óhapps þessa og hins, að brimbrjótinn þarf að lengja meira, þarf enn að verja miklu fje til þess að hann komi að fullum notum. Vill því nefndin leggja því liðsinni, að hreppnum verði veittur styrkur til að fullgera fyrirtækið, enda á þá að vera þarna líflending og örugt lægi fyrir 10—20 vjelbáta.

Mikið fje hefir þegar verið lagt í sjóvarnargarð til að verja Siglufjardar eyri, en sá garður hefir orðið fyrir miklum skemdum. Það virðist því óhjákvæmilegt, að lagt verði nokkurt fje til þessara landvarna, og mun rikið ekki geta skorast undan að taka þátt í þeim kostnaði, þar sem það er landeigandi. Hinsvegar vill nefndin taka það skýrt fram, að hún álitur ekki annað geta komið til mála en að Siglufjörðingur taki að jöfnu þátt í útgjöldunum, þótt undirtektir hjá þeim um það hafi hingað til verið slæmar. Þeim hlýtur engu síður að vera ant um að verja eignir sínar, er á landinu standa, en rikin að verja landið sjálft. Enda hefir þessu verið framfylgt annarsstaðar þar, sem eins stendur á, t. d. á Sauðárkróki.

Byggingarfjelagi Reykjavíkur vill nefndin veita styrk á sama hátt og með sömu skilyrðum og áður hefir verið, því að útlit er fyrir, að sá styrkur hafi borðið góðan árangur.

Á undanförunum árum hefir mikið verið talað um nauðsyn þess að koma hjer á innlendri skinnasútun, til þess að koma í verð svo ágætri vöru, sem íslensk skinn eru. Hafa ýmsar uppástungur komið fram þar að lútandi, en aldrei orðið úr verulegum framkvæmdum. Nú hefir Sláturfjelag Suðurlands beitt sjer fyrir málið og sent mann til Danmerkur og Þýskalands, til þess að kynna sjer alt, er að slíkum iðnaði lýtur. Niðurstaðan af þessum undirbúningi fjelagsins hefir

orðið sú, að það nú leitar aðstoðar Alþingis til að stofna hjer á landi til skinnasítunar í stórum stíl. Liggja fyrir þinginu áætlanir og uppdrættir um byggingar og tilhögun þessarar iðju. Stofnkostnaður fyrirtækisins er áætlaður um 260 þús. kr. og árlegur rekstrarkostnaður alt að 180 þús. kr. Nú fer fjelagið fram á það, að fjárveitingarvaldið hjálpi til að hrinda fyrirtækinu af stað, á þann hátt að veita sem beinan styrk $\frac{1}{4}$ hluta stofnkostnaðarins, eða alt að 60000 kr., og tryggi því að öðru leyti lán, er nemi alt að $\frac{3}{4}$ hlutum þessa kostnaðar, eða alt að 200 þús. kr., með haganlegum vaxtakjörum og greiðsluskilmálum. Fjárveitinganefndin vill í alla staði viðurkenna, að þetta fyrirtæki sje mjög mikilsvert og líklegt til þjóðnytja. Vill hún því leggja til, að ríkið hjálpi því áfram allverulega, þó ekki alveg á þann hátt, sem fjelagið fer fram á. Nefndin vill veita beinan styrk til stofnkostnaðarins, en alls ekki fara hærra en 40 þús. kr., og telur jafnframt sjálf-sagt, að fjelagið sjálfst leggi fram til þess kostnaðar að minsta kosti 50000 kr., án aðstoðar ríkisins. Það mundi vera þýðingarlaust að mæla með stórri lánveitingu úr viðlagasjóði í þessu skyni, því að engin líkindi eru til, að fje verði þar fyrir hendi. Mun því verða tryggilegra fyrir fjelagið, að höfð sje sú aðferð, sem nefndin leggur til, að ríkið ábyrgist alt að 150 þús. kr. lán, enda getur það naumast verið fjelaginu óhagkvæmara. Það skilyrði vill nefndin enn fremur að sett sje, að fjelagið setji fullkomnar tryggingar fyrir því, að nægilegt rekstrarfje sje fyrir hendi, svo að víst sje, að fyrirtækið falli ekki um koll strax, áður en vinnan er hafin.

Úr því að Alþingi gekk inn á þá braut að kosta að helmingi rannsókn Andakílsár-fossanna, þá verður víst ekki hjá því komist að greiða þann hluta að fullu, þótt hann fari langt fram úr áætlun.

Menn þeir, er hluthafar voru í osta- og fjárræktarbúi því, sem starfaði í Sveinatungu árin 1919–1921, sækja um það til Alþingis að fá 10000 kr. styrk til að standast rentur og afborganir af áföllnum skuldum búisins, og mundu þeir þá borga upp hin opinberu lán, er eftir standa ógreidd, en þau eru þessi:

1. Viðlagasjóðslán	7100 kr.
2. Ógreiddir vextir af sama láni	735 —
3. Ræktunarsjóðslán	3500 —
4. Ógreiddir vextir af því	280 —

Samtals 11615 kr.

Til vara fara þeir fram á að fá að minsta kosti uppgjöf viðlagasjóðslánsins. Þótt nefndin verði að játa, að menn þessir hafi orðið fyrir óhöppum og þungum búisfjum við þarfiegar tilraunir, þá sjer hún ekki fært að taka óskir þeirra að fullu til greina, en vill þó mæla með styrk, er svari til Ræktunarsjóðslánsins.

Jóhannes Guðmundsson, bóndi á Herjólfsstöðum í Skaftafellssýslu, hefir leitað styrks vegna tjóns, er hann beið af Kötlugosinu 1918. Hann bjó áður á jörðinni Söndum, sem eyðilagðist af gosinu, og beið skaða á bústofni sínum, er hann metur alls hátt á 9. þús. króna. Hefir nefndin fyrir satt, að enginn hafi orðið neitt nærri svo illa úti sem þessi maður. Nokkurn styrk hafði hann hlotið af Kötlusjóðnum, en hvergi nærri til móts við skaðann. Vill nefndin því leggja til, að lítilfjórlega sje ljett undir með honum.

Pórður bóndi Flóventsson frá Svartárkoti er kunnur orðinn um land alt fyrir ábuga sinn á silungaklaki. Hefir hann m. a. á síðastl. sumri ferðast um Árnes- og Rangárvallasýslur til að kenna mönnum klak. Hefir hann getið sjer góðan orðstír hjá bændum þar og fengið góð meðmæli frá þeim. Telja þeir leiðbeiningar hans mjög mikils virði. Nú sækir hann um styrk til að ferðast um allt Suðurland, og víðar, í ofanefndum tilgangi. Eftir upplýsingum þeim, er fyrir liggja, þykir nefndinni líklegt, að starf hans muni verða til talsverðra nota í framtíðinni. Vill hún því veita honum nokkurn styrk.

Sóknarpresturinn og bæjarfógetinn á Ísafirði óska þess, að Sæmundi Tr. Sæmundssyni skipstjóra verði veittur viðurkenningarstyrkur fyrir það, að hann hefir tvívegis með miklu snarræði bjargað mönnum úr sjávarháska, samtals 18 mönnum. Hefir hann enga viðurkenningu eða umbun hlotið fyrir þetta. Hann er nú tekinn að eldast og litt efnum búinn. Þykir nefndinni, að þessu yfirveguðu, nokkur ástæða til að veita honum litla fjárupphæð í viðurkenningarskyni í eitt skifti fyrir öll.

18. gr.

Sigvaldi læknir Kaldalóns hefir orðið að láta af embætti sínu í Nauteyrarhjeraði sökum heilsubrests. Alþingi veitti honum styrk til að leita sjer heilsubótar erlendis, og fjekk hann nokkurn bata, en er þó enn ófær til allra starfa, er atvinna geti talist. Eftirlaun hans eru aðeins 560 kr. auk dýrtíðaruppbótar, og fá allir sjeð, að það muni brökkva skamt fyrir konu og 3 börn í ómegð. Hann leitar því ásjar Alþingis og fer fram á hækkun eftirlauna sinna. Sjer nefndin sjer ekki annað fært en að veita honum nokkrar bætur, og mundi hún einnig láta þær ná til yfirstandandi árs, ef fjáraukalagafrumvarp væri fyrir þinginu.

Andrjes heit. Fjeldsted augnlæknir hafði ekki rjett til eftirlauna, þótt hann væri starfsmaður ríkisins. Ekkja hans fær því ekkert úr ríkissjóði, eins og verið hefði, ef hann hefði haldið áfram hjeraðslæknisembætti sínu, sem hann sat í 8 ár. Ekkja hans, sem engin efni hefir til að lifa af, fer því fram á það við Alþingi að fá nokkur eftirlaun. Læknadeild háskólans og landlæknir mæla eindregið með þessu, og getur nefndin fallist á ástæður þeirra. Upphæð eftirlaunanna miðar hún við, að Andrjes hefði setið kvongaður í Þingeyrarhjeraði eftir að það varð eftirlaunahjerað, en það varð 1908. Er þetta samkvæmt uppástungu landlæknis.

Loks er nú að því komið, að bundinn verði endi á mál Árna Theódórs Þjeturssonar. Nefnd sú, er rannsókaði mál hans samkvæmt ályktun Alþingis, ályktaði, að rjett mundi að veita honum einhver litil eftirlaun, eða hærri upphæð í eitt skifti fyrir öll. Mentamálanefnd deildarinnar leggur það til, að eftirlaun hans verði ákveðin 500 kr. á ári. Fjárveitinganefndinni finst nauðugur einn kostur að taka tillögu þessara nefnda til greiða, og ber því fram breytingartillögu um það efni. En jafnframt vill hún skora á stjórnina að beita sjer fyrir það, að Árni fái sem fyrst aftur kennarastöðu eða svipaða stöðu, svo að hann þurfi ekki að sitja lengi á eftirlaunum.

Guðmundur Jónsson, fyrrum bæjarpóstur á Akureyri, sækir um að fá eftirlaun, líkt og aðrir póstar hafa fengið, er lengi hafa gegnt þeim störfum. Guðm. þessi hefir verið 20 ár bæjarpóstur, og mælir aðalpóstmeistari með því, að hon-

um verði einhver linkind sýnd. Getur nefndin fallist á, að hann sje þessa ekki ómaklegri en ýmsir, er samskonar umbun hafa hlotið.

21. gr.

Áveitufjelag Þingbúa í Húnavatnssýslu hefir á síðasta ári komið á hjá sjer áveitu, sem nær yfir 433,7 hektara af láglandum mýrarenjum. Í fjelaginu eru 10 jarðir. Lítið eitt vantar enn til þess að áveitan sje fullger, og verður það framkvæmt á sumri komanda. En fullger mun áveitan kosta 21215 kr. Kostnað þann, sem áfallinn er, hefir fjelagið greitt með bráðabirgðaláni. En nú fer það fram á 20000 kr. lán úr Viðlagasjóði til fyrirtækisins.

Samkvæmt álitu Valtýs Stefánssonar er þarna alveg sjerstaklega hentugt til áveitu, svo að hvergi mun vera eins annarsstaðar á landinu.

Þar sem hjer er um að ræða sjerstaklega arðvænlegt jarðræktarfyrirtæki, þá finst nefndinni alveg sjálfsagt að verða við tilmælum þessa fjelags. Og er henni því fremur ánægja að veita þannig lagaðan stuðning, sem fjelagið hefir hvorki fengið nje farið fram á nokkurn beinan styrk til fyrirtækisins, þrátt fyrir það, þó öll fordæmi hafi bent þeim í þá átt, og naumast hefði verið hægt að neita um slíkt, eftir allt, sem á undan er gengið í þeim málum.

Helgi Jónatansson í Reykjavík fer fram á það að fá 80000 kr. lán til þess að reisa niðursuðuverksmiðju. Er þetta gert í samráði við Búnaðarfjlagið og Fiskifjlagið. Fylgja meðmæli frá formönnum þessara fjelaga. Markmið verksmiðjunnar á fyrst og fremst að vera það að sjóða niður þær vörutegundir, er nú flytjast inn í landið, en hægt er að framleiða hjer. Skal hún fyrst og fremst fullnægja þörfum landsmanna í þeim efnum, eftir því sem unt er, og ennfremur framleiða þær niðursuðuvörur, sem líklegar eru til sölu erlendis. Gert er ráð fyrir, að verksmiðjan verði undir yfirumsjón og eftirliti ríkisstjórnarinnar og starfi einnig í samráði við áðurnefnd fjelög.

Það liggur í augum uppi, að ef vel til tækist, ætti svona fyrirtæki að geta orðið mjög svo nytsamt og arðvænlegt fyrir þjóðarbúskapinn, og flust nefndinni því ofur edlilegt, að fjárveitingarvaldið veiti aðstoð sína til að koma því á fót. Hún vill því mæla með, að allhá upphæð, þó ekki eins há og farið er fram á, verði lánuð til að koma fyrirtækinu af stað. En ríka áherslu leggur hún á það, að stjórnin láti ekki fjed af hendi, nema öruggar tryggingar sjeu fyrir, að nægilegt rekstrarfje komi annarsstaðar frá og það, sem á vantar af stofnkostnaðinum.

Mjólkurfjlagið Mjöll í Borgarfirði hefir 2—3 undanfarin ár haft með höndum niðursuðu rjóma á flöskur. Hefir það bygt sjer hús á Beigalda og sett þar niður vjelar og önnur áhöld til þessarar rjómaæuðu fyrir yfir 20 þús. kr. Fyrirtækið hefir gengið sæmilega vel og er vonandi komið úr allri hættu, sem fyrstu tilraunirnar oft hafa í för með sjer. Nú vill fjelagið færa út starfsvið sitt og sjóða niður nýmjólk á dósir, og með því skapa markað fyrir mjólkurframleiðslu bænda í Borgarfirði, og jafnframt framleiða vöru í landinu sjáltu, sem nú er flutt inn í stórum stíl og greidd er með stórfje út úr landinu. Fyrirtæki þetta yrði alldýrt, og mundi ekki nægja minna en um 60 þús. kr. í stofnkostnað, auk þess sem áður hefir verið lagt í fyrirtækið og fyr er getið. — Nefndin álitur þetta fyrirtæki

engu síður lofsvert og mikilsvarðandi en það, sem síðast var getið, og leggur til, að það sje stutt á þann hátt, sem breylingartillagan um getur.

Austur-Húnavetningar hafa keypt læknisbústað á Blönduósi ærnu verði og óska eftir láni til að greiða með nokkurn hluta kostnaðarins. Vill nefndin sist neita sýslufjelögum um lán til svo þarfra fyrirtækja, og mælir því með þessari beiðni.

Skeiðaáveitufjelagið virðist í svipion mjög að fram komið vegna þess hve áveitan hefir orðið margfalt dýrari en upphaflega var til ætlast, bæði vegna lækkandi verðs peninga og þess, að langtum erfiðara reyndist um skurðgröft en verkfræðingarnir höfðu gert ráð fyrir, þar sem fara þurfti í gegnum klöpp á nokkru svæði, sem ekkert var um getið í áætluninni. Nefndin vill því veita þeim lán, er ætti að nægja til að standa straum af lánunum í eitt ár.

Ungur og efnilegur bóndi vestur í Dalasýslu sækir um styrk til að endurreisa eyðibýli, er liggur við fjölfarinn fjallveg. Hefir hann ágæt meðmæli merkra manna þar vestra um nauðsyn þessa máls. Nefndin vill styðja áhuga þessa manns og ræktunarviðleitni og verða að nokkru leyti við óskum hans, enda má höfuðatriðið telja nauðsyn þessa býlis fyrir vegfarendur.

Ungur stýrimaður einn, að nafni Jón G. Ólafsson, hefir gert þrjár merki-
legar uppfundningar, sem mjög eru rómaðar af sjerfróðum mönnum. En til þess að þær komi honum að notum, þarf hann að kaupa einkaleyfi í nokkrum helstu iðnaðarlöndunum. Þetta kostar allmikið sje, en hann er fátækur og getur ekki af eigin ramleik komið því í framkvæmd. Leitar hann því aðstoðar Alþingis, og vill nefndin mæla með, að honum sje veitt lán í þessu skyni, enda má gera ráð fyrir því, að hann muni brátt geta endurgreitt það, ef rjett er frá skýrt um verðmæti uppfundninganna.

Hallærislán Grunnavíkurhrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu og Árneshrepps í Strandasýslu vill nefndin mæla með að verði látn standa vaxta- og afborgunarlaus um nokkur ár. Hreppar þessir eru nú sem stendur mjög illa stæðir, og telur nefndin það því að eins ofurlitla tilhliðrunarsemi af hálfu fjarveitingarvaldsins að veita þeim þessar ívilnanir.

Samskonar ástæður eru fyrir tillögu þeirri að láta rafveitulán Suðurfjarðarhrepps standa afborgunarlaust um 5 ár.

Þá vill nefndin heimila stjórninni að ábyrgjast ýmsar fjarupphæðir fyrir þörf fyrirtæki, og mun nánari grein gerð fyrir þeim heimildum í framsögu og eftir því sem umræður falla. Sama er og að segja um aðrar tillögur nefndarinnar, sem eigi er minst á í þessu áliti eða talið verður, að þurfi ítarlegri skýringa við.

Alþingi, 4. apríl 1923.

Porleifur Jónsson,
formaður.

Magnús Pjetursson,
skrifari og framsögum.

Pórarinn Jónsson.

Jón Sigurðsson.

Ing. Bjarnarson.

Eiríkur Einarsson.

Bjarni Jónsson frá Vogu,
að áskildum rjetti til að gera minnihlutatill. um nokkur atriði.